

REGLUR

um félagsheimilið Höfðaborg.

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Höfðaborg í Hofsóshreppi, Skagafjarðarsýslu. Lóðin er gefin af Hofsóshreppi. Lóðin er 7 200 fermetrar að stærð, og afmarkast þannig: Af Túngötu að sunnan, Skólagötu að norðan, að austan af götu milli félagsheimilis- og skólalóðar og að vestan af beinni línu, er dregin er austan við þvottaplan, milli Túngötu og Skólagötu.

Eigendur félagsheimilisins eru: Hofsóshreppur 39%, Hofshreppur 23%, Verkamannafélagið Farsæll 17%, Verkakvennafélagið Bárán 5%, Kvenfélagið Aldan 5%, Ungmennafélagið Höfðstrendingur 3%, Ungmennafélagið Geisli 3%, Fellshreppur 3% og Söngfélagið Harpan 2%.

2. gr.

Húsnefnd, skipuð fimm mönnum, fer með stjórn félagsheimilisins. Hún skal kjörin á aðalfundi eigendafélags félagsheimilisins árlega. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt. Húsnefndin skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafninu gerðabækur þess til vörslu.

3. gr.

Húsnefnd heldur fundi, er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund, ef $\frac{2}{3}$ nefndarmanna æskja þess.

Aðalfundur eigendafélags félagsheimilisins skal haldinn árlega og eigi síðar en 20. febrúar ár hvert. Eigendafélög tilnefna sína fulltrúa á eigendafélagsfundi, í hlutfalli við eignaprósentu í félagsheimilinu, þannig að 1 fulltrúi er fyrir hver 5%, en þau félög, sem hafa minna en 5% eignaraðild, hafi þó 1 fulltrúa hvert. Á aðalfundinn skulu mættir $\frac{3}{4}$ boðaðra fulltrúa, til að fundur sé lögmætur og til að lagabreytingar geti átt sér stað. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaða af endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga eða löggiltum endurskoðanda. Einnig leggi hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun félagsheimilisins fyrir næsta ár. Fjárhagsáætlunin skal gerð eins nákvæm og unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda, nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna, og hefur hver fulltrúi á aðalfundi eitt atkvæði og húsnefndarmenn einnig eitt atkvæði hver.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a) að ráða húsvörð, ef þess er talin þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um, að þeim sé fylgt;
- b) að ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, sem á að vinna undir hans stjórn;
- c) að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra;
- d) að ákveða gjöld fyrir afnot hússins;
- e) að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda;
- f) að sjá um viðhald og endurbætur húseigna, húsbúnaðar og áhalda;
- g) að sjá um, að ræsting félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og gætt sé ýtrasta hreinlætis;
- h) að sjá um, að húsið sé hæfilega hitað og lýst;
- i) að sjá um, að löggæsla sé á samkomum.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skytt er þeim að heimila félögum, er greinir í 1. grein laga nr. 107/1970, um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfrá fyrir húsið. Verði ágreiningur um, hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu, sker menntamálaráðuneytið úr.

6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há, að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni berast eigi aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal gætt, að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

8. gr.

Félag, sem samkomu heldur í félagsheimilinu, skal hafa þar gæslumann af sinni hálfu. Ef húsvörður er enginn eða eigi við, þegar samkomu lýkur, skal gæslumaður slökkva, ganga örugglega frá hitunartækjum og opna loftræstingarop, koma húsbúnaði og áhöldum á sinn stað, koma óskilamunum í örugga vörslu og loks að loka vel gluggum og hurðum.

9. gr.

Að lokinni hverri notkun félagsheimilisins skal húsvörður eða húsnefnd sjá um ræstingu þess. Þ. á m. að gólf séu hreinsuð og salerni ræst með sótthreinsandi efn- um. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóðinni umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri, og skal húsvörður eða húsnefnd sjá um, að hún sé jafnan vel hirt. Bifreiðastæði skal vera við félagsheimilið.

11. gr.

Fánastöng skal koma fyrir við húsið eða á því. Hún skal vera traustlega fest og máluð hvít. Húnn og snerill mega vera í öðrum lit. Fánasnúran skal ávallt vera heil. Stöngin skal vera í tveim hlutum, þannig að auðvelt sé að fella hana, t. d. ef skipta þarf um snúru eða mála stöngina. Þess skal gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum og enn fremur að hann sé ekki hafður uppi fram yfir þann tíma, sem lög um íslenska fánarn segja til um.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega, með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnað, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél, hitunartæki, raflagnir og ljóstæki, vatnslögn og krana, gluggatjöld og leiksviðstjöld, gólf í samkomusal o. s. frv. Þess skal ætíð gætt, að sem flestar skemmdir á húsi eða húsmunum séu lagfærðar jafnóðum, svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrti- mennska.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, sem spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn því brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltökinn tíma.

15. gr.

Þar sem ríkissjóður hefur greitt húsaleigu fyrirfram til félagsheimilisins f. h. samskólans á Hofsósi, fær skólinn þar á móti afnot af félagsheimilinu fyrir starfsemi sína svo sem mótuneyti, aðstöðu til kennslu, íþróttaiðkana og samkomuhalds í allt að 15 ár.

Félagsheimilið hafi samkvæmt samningi þar um engar kröfur á skólann vegna leigu, nema vegna hluta þess reksturskostnaðar, er sveitarfélög greiða ein.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skirskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. desember 1974.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

S A M Þ Y K K T I R

fyrir Sparisjóð Svarfdæla, Dalvík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sparisjóður Svarfdæla“, tilheyrandi íbúum í Dalvíkurkaupstað og Svarfaðardalshreppi. Heimili hans og varnarþing er á Dalvík, sbr. 23. gr. samþykta þessara.

2. gr.

Um lágmark varasjóðs og annars eigin fjár sparisjóðsins fer eftir ákvæðum laga um sparisjóði, nr. 69/1941.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sparisjóðsins skulu vera 20 og ábyrgjast þeir, hver fyrir sig, allt að kr. 10 000.00. Skal stjórninni skylt að sjá um að ábyrgðarmenn verði ekki færri. Skulu 14 ábyrgðarmenn hafa búsetu innan Dalvíkurkaupstaðar og 6 búsetu innan Svarfaðardalshrepps. Flytji ábyrgðarmaður í burtu úr sveitarfélaginu, eða verði 75 ára, fellur ábyrgð hans niður og skal stjórn sparisjóðsins þá þegar velja annan ábyrgðarmann í hans stað, þannig að hlutfall ábyrgðarmanna verði óbreytt. Ákvæði um aldurstakmark tekur ekki gildi fyrr en að liðnum 5 árum frá gildistöku samþykktanna.

4. gr.

Stjórn sparisjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi úr hópi ábyrgðarmanna til eins árs, en hinir 2 þannig, að bæjarstjórn Dalvíkur kys 1 mann og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu 1 mann, einnig til eins árs. Skal kosning þeirra tilkynnt fyrir aðalfund ár hvert. Varamenn skal kjósa á sama hátt og jafnmarga. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórn má endurkjósa og geta þeir ekki skorast undan kosningu og endurkosningu í 4 ár samfleytt. Stjórnin kys formann úr sínum hópi. Stjórn sparisjóðsins ræður sparisjóðsstjóra og aðra starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sparisjóðsins.